

# UM ANNAÐ LÍF

The discovery of the interstellar transfer and transmission of forms of vital energy, will mean the beginning of real life in this planet.

*(Úr bréfi)*

## I

Fyrir margþætta rannsókn, hefi ég komist að vitneskju um, að eftir dauðann flytja menn á aðra stjörnu og fá þar nýjan líkama; og síðan ég vissi þetta, hefir það verið aðal-áhugaefni mitt að fá menn til þess að eiga með mér þessa nýju þekkingu í líffræði. Því að hér ræðir um vísindalega þekkingu, hreina náttúrufræði og ég segi það hiklaust fyrir, að þessi nýja líffræði, mun gerbreyta öllum högum mannkynsins, eins og hin mesta þörf er á, en vitanlega ekki fyrr en menn vilja færa sér hana í nyt. Og ef ekki rætist það, sem hér er sagt, þá bið ég að mín verði minnst sem þess manns er ógreindastur hafi verið allra þeirra, er lagt hafa stund á náttúrufræði og heimspeki.

Það hefði mátt fá sér auðveldara starf en að koma fram þessu máli, sem ég hefi hér vikið að, og hefi ég haft góðar ástæður til að læra að meta með þakklæti, allt það, sem ég hefi á einhvern hátt haft stuðning af í þessari viðleitni minni. Verð ég þar að telja mjög framarlega, bókmenntir spíritista. Í þeim bókmenntum kemur nefnilega svo oft og greinilega fram, þegar vel er rannsakað og borið saman, að líf það eftir dauðann, sem þar segir frá, er slíkt sem ég segi, en ekki líkamalaust líf í hinum auða, helkalda geimi milli stjarnanna, eða utan við hina 3 höfuðvegi (dimensiónir) rúmsins.

## II

Tilgangur greinar þessarar er að benda á nokkur fróðleg dæmi, sem lesa má í ritum spíritista, máli mínu til sönnunar.

Fyrsta bindið af mjög frægu riti (*The Life beyond the Veil* — Lífið handan við huluna) eftir G. Vale Owen, heitir *The*

Lowlands of Heaven, Láglandið í Himnaríki, og er að mestu ritað „ósjálfrátt“, fyrir áhrif frá framliðinni móður höfundarins, sem er enskur prestur, S. 106 (útg. 1926) segir þessi kona frá fljóti í Himnaríki, allbreiðu, sem rennur yfir sanda, hægum straumi; sér hún börn vera að baða sig í fljótinu. Segir andinn sem er að leiðbeina henni, að vatnið í fljóti þessu sé rafmagnað, að börnin (sem fæðst hafa andvana) séu hvött til að baða sig þarna, sér til styrkingar, því að mörg þeirra hafi verið mjög máttlítil, þegar þau komu í þennan stað, og þurfi slíkrar næringar með. (Ég giska á, að það sé rangt, þegar Vale Owen ritar að vatnið sé rafmagnað, og að það sé lífmagn, sem átt er við, og mætti þá fremur segja, að það sé nærandi að baða sig í því þannig mögnuðu, heldur en ef aðeins væri um rafmagn að ræða; þegar vér förum að vita meir í náttúrufræði á jörðu hér, munu þessháttar böð í lífmögnuðu vatni, verða mikið notuð). Konan kveðst nú hafa látið í ljósi undrun sína, er hún sá þetta, og leiðbeinandinn segir þá þessi fróðlegu orð: Þú veist, að þó að líkamir okkar hérna séu ekki af holdi og blóði gerðir (material flesh and blood) þá eru þeir þéttir og áþreifanlegir. — Orðin um að líkamirnir í öðru lífi séu ekki af holdi og blóði, eru náttúrlega frá Vale Owen sjálfum; leiðbeinandinn er einmitt að fá hina framliðnu konu til að átta sig á því, að framliðnir séu líkamlegar verur, og ekki eingöngu andlegar, og hann segir ennfremur: Þessir smáu andar eru að byrja að þroskast, og þurfa líkamlegrar næringar til að hjálpa sér áleiðis.

Konan heldur síðan áfram: Vissulega var ég sein að skilja allt það, sem liggur í þessum orðum, sem ég hefi notað áður, (að í öðru lífi sé um að ræða) jörð, sem fullkomin er orðin. Ég er hrædd um að mörgum ykkar muni hnykkja við, þegar þið komið hingað yfirum, og sjáið hversu allir hlutir eru hér náttúrlegir, þó að fegri séu en á jörðunni. Það eru svo margir, sem búast við að finna, þegar þeir koma hér yfirum, einhvern óákveðinn skuggaheim, sem sé á allan hugsanlegan hátt ólíkur jörðinni. Hugsaðu um það með góðri greind, hvaða gagn gætum vér haft af slíkum heimi? Þar gæti ekki verið um neinar samfelldar framfarir að ræða fyrir oss,

heldur feiknarlegt stökk, og guð fer ekki þannig að.

Þegar vér komum hér fyrst (eftir dauðann), er að vísu allt frábrugðið því sem var, meðan vér lifðum á jörðinni, en þó er munurinn ekki svo mikill, að vér verðum orðlaus yfir því hvað allt sé ókunnuglegt. Og þeir sem ekki hefir verið í framfarahugur, koma eftir dauðann fram á þeim stöðum, sem eru svo líkir jörðinni, að þeir sjá engan mun.

### III

Hin góða kona, móðir prestsins, er auðsjáanlega í bók þeirri, sem hér ræðir um, að reyna til að breyta á þann hátt sem svo nauðsynlegt er, skoðunum sonar síns á öðru lífi, og fá hann til að skilja, að lífið eftir dauðann, er ekki líkamalaust, heldur í nýjum líkama og á nýrri (þ. e. annarri) jörð. Hún segir: „hérnamegin höfum vér fastbyggð hús, stræti, fjöll og tré, dýr og fugla.“ Annar andi sem er að reyna hið sama, segir (S. 107): Vertu viss, vinur — og segðu öðrum sem vilja heyra, — að lífið sem bíður yðar (eftir dauðann) er ekki eintómur líkamalaus draumur, á einhverju rökkur-svæði, einhversstaðar fyrir utan veruleikann.

Því miður hefir þó ekki tekist að koma sannleikanum fram, og þó að ég hafi verið að skrifast á við hinn ágæta höfund um þetta efni, og reyna til að hjálpa öndunum, þá var árangurinn ekki mikill orðinn, þegar ég vissi síðast til. En samt er greinilega farið að koma í ljós, að sannleikurinn mun sigursæll verða. Bókin *Towards the Stars* (Áleiðis til stjarnanna) er rituð nokkrum árum síðar en þessi bók Vale Owens, sem hér hefir verið af sagt, og þar segir hinn stórfróði andi Jóhannes, beinum orðum við höfundinn, H. D. Bradley: You will pass on from here to a new star: Þú munt eftir dauðann koma fram á annarri stjörnu. Þar brýst loks í gegn sá sannleiksgeisli, sem skýjalög hinna röngu ímyndana um annað líf, höfðu svo lengi getað burtu bægt, og þar með upphafi þeirrar þekkingar, sem ekki verður án verið, ef bül allt á að batna.

2. júní '27